

Fimmtudaginn 11. júní 1998.

Nr. 139/1998.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Einari Sverri Einarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Kynferðisbrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1998 að ósk ákærða. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar héraðsdóms, að því er varðar sakfellingu og refsíákvörðun.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði skil-orðsbundin.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er bréf Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík 2. apríl 1998. Þar kemur fram, að ákærði hafi haldið sambandi við X, eftir að héraðsdómur gekk, með því að hringja í hana á öllum tímum sólarhrings og mæla sér mót við hana í nágrenni sambýlisins að ..., en þar bjó hún með unnusta sínum, er bréfið var ritað. Þegar ákærði hafi náð fundum X, hafi hann farið með hana í heimsóknir til kunn-ingja sinna og veitt henni m. a. áfengi. Tilmælum starfsfólks skrifstofunnar um að láta af háttum sínum hafi hann svarað með hótun-um, sem hafa verið kærðar til lögreglu. Vegna þessa ástands hafi skrifstofan leitað eftir að vista X utan Reykjavíkur.

Að ósk foreldra X var hún svipt sjálfræði til bráðabirgða með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí síðastliðinn, og var hún í framhaldi þess vistuð í sambýli að ..., og mun ætlunin, að hún dvelj-ist þar á næstunni. Með úrskurði sama dómstóls 28. sama mánaðar var hún síðan svipt sjálfræði í 12 mánuði. Í úrskurðunum er stuðst við vottorð Kristófers Þorleifssonar læknis, þar sem segir, að X sé ófær um að taka ákvarðanir um persónulega hagi sína.

II.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að nægar sannanir séu fram komnar um, að ákærði hafi haft samfarir við X þriðjudagskvöldið 30. september 1997. Ákærði hafði þá um nokkurn tíma þekkt X og vissi, að hún bjó ásamt unnusta sínum í íbúð á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og vann á vernduðum vinnustað. Fyrir liggur mat Tryggva Sigurðssonar sálfræðings um, að það geti ekki farið fram hjá neinum, að hún sé áberandi greindarskert. Héraðsdómarrinn, sem yfirheyrði hana fyrir dómi, hefur metið skýrslur hennar og framkomu á sama veg. Þykir verða að byggja á þessu mati. Samkvæmt áliti sálfræðingsins, sem vitnað er til í héraðsdómi, er það eitt einkenna þroskahömlunar X, að hún er leiðitöm. Að skoðun Kristófers Þorleifssonar læknis, sem að framan er lýst, er hún ófær um að ráða persónulegum högum sínum. X sagði fyrir dómi, að hún væri hrifin af ákærða. Ákærði mátti hins vegar gera sér grein fyrir, að hann raskaði þeim aðstæðum, sem X höfðu verið búna, svo að hún gæti lifað svipuðu lífi og aðrir einstaklingar, en jafnframt notið verndar, sem henni væri nauðsynleg. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að hann hafi fundið fyrir ístöðuleysi hennar og notfært sér það. Staðfesta ber því niðurstöðu dómsins um sakfellingu og heimfærslu brots ákærða til 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði á langan sakaferil. Hann hefur ekki látið af ásókn gagnvart X þrátt fyrir dóm héraðsdóms og ítrekuð tilmæli þeirra, sem hana vilja vernda. Með það í huga verður ekki hjá því komist að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Einar Sverrir Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 90.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir

Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i **Hjartar Torfasonar**

Meðferð máls þessa á rannsóknarstigi og fyrir héraðsdómi var ekki fullnægjandi í öllum greinum, meðal annars vegna þess, að engin rannsókn fór fram á högum ákærða eða heilbrigði hans til líkama og sálar, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hefði dómari átt að hlutast til um hana bæði vegna atvika málsins og þeirrar gagnrýni, sem hann taldi ákærða eiga að sæta vegna óviðeigandi framkomu fyrir réttinum. Það er því skoðun mín, að ástæða væri til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað án kröfu til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Aðrir dómendur telja þess ekki þörf, og ber mér að leggja efnisdóm á málið. Er ég þá samþykkur niðurstöðum þeirra um sakfellingu ákærða og refsingu á hendur honum svo og um sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1998.

Ár 1998, miðvikudag 11. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 13/1998: Ákærvaldið gegn Einari Sverri Einarssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. janúar sl., á hendur ákærða, Einari Sverri Einarssyni, kt. 110844-4099, Vitastíg 11 hér í borg, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa að kvöldi 30. september og aðfaranótt 1. október 1997 í íbúð kunningja síns að . . ., Reykjavík, þar sem ákærði var gestkomandi ásamt X, fæddri . . ., notfært sér, að hún er þroskaheft, til að hafa við hana samfarir, sem hún gat ekki spornað við vegna andlegra annmarka sinna.

Telst þetta varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Fimmtudaginn 2. október sl. var lögregla beðin um aðstoð við að hafa uppi á þroskaheftri konu, X, sem saknað væri síðan á þriðjudag og talin

dveljast í íbúð í . . . hér í borg. Þegar lögreglumenn knúðu þar dyra ásamt föður konunnar, V, var hún þar fyrir ásamt annarri konu, ákærða og hús-ráðanda, S. Konan var færð á neyðarmóttöku slysadeildar til rannsóknar, þar sem grunur lá á því, að ákærði hefði haft kynmök við hana. Þar skýrði hún frá því, að hún hefði haft samræði við ákærða og neytt áfengis, meðan hún dvaldist þarna í íbúðinni, frá þriðjudeginum 30. september til næsta fimmtudags. X er þroskaheft og hefur búið allmörg ár með manni að nafni K, sem einnig mun vera þroskaheftur.

Meðal gagna málsins er skýrsla dr. Tryggva Sigurðssonar sálfræðings um athugun á vitsmunalegri stöðu konunnar. Segir þar, að niðurstöður greindarprófa, sem lögð voru fyrir hana, sýni útkomu langt undir meðallagi í öllum prófþáttum, bæði verklegum og mállegum. Almennur skilningur sé takmarkaður við hlutbundnar aðstæður, og hún sé ófær um að bera saman hluti huglægt. Erfiðast eigi hún með rökhugsun og ályktunarhæfni. Til dæmis eigi hún erfitt með að átta sig á samhengi í atburðarás á myndefni og leysi tilviljunarkennt úr slíkum verkefnum. Málleg greindarvísitala hennar hafi mælst 47, en verkleg 61 og í heild 52. Séu vitsmunir hennar því á mörkum vægrar og miðlungsalvarlegrar greindarskerðingar. Það er enn fremur mat sálfræðingsins, að fötlun X sé það alvarleg, að hún hljóti að vera augljós þeim, sem umgangast hana. Sálfræðingurinn hefur komið fyrir dóm og sagt, að enginn vafi leiki á því, að hægt sé að misnota X kynferðislega. Sé það einmitt eitt megineinkenni þeirrar þroskahömlunar, sem hún sé haldin, að hún sé leiðitöm, enda sé fötlun hennar töluvert alvarleg.

Í málinu liggja fyrir dómar í tveimur málum, sem höfðuð voru á hendur tveimur mönnum fyrir að hafa haft samræði við X sama kvöld, 15. apríl 1983. Voru þeir sakfelldir fyrir brot gegn 195. gr. almennra hegningarlaga, eins og greinin var, áður en XXII. kafla þeirra laga var breytt í núverandi horf, sbr. lög nr. 40/1992. Málsatvik voru þau, að X var á gangi á Laugavegi hér í borg, þegar Ó bar þar að í bíl og bauð henni að setjast í bílinn. X þekkti Ó og þá boðið. Ók hann með hana inn á Sogaveg og tók þar upp í bílinn vinnufélaga sinn, G. Þaðan var ekið að verkstæði við Súðarvog, og fóru þau öll þar inn. Þar voru fyrir tveir aðrir menn. G bauð X upp á loft og inn í herbergi og hafði við hana samræði, án þess að hún veitti viðnám eða hrópaði á hjálp. Eftir þetta fór X með Ó á brott í bílnum, og lét hún hann hafa samræði við sig í framsæti bílsins inni í Laugarnesi. Á þessum tíma var X trúlofuð þroskaheftum pilti.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 19. nóvember sl. Hann sagðist þá vera í ástarsambandi við X og hafa verið það frá því í febrúar. Hann harðneitaði því, að konan væri þroskaheft. Þegar á hann var borið, að móðir

hennar hefði sagt honum, að X væri þroskaheft, sagðist hann heimta, að móðirin sætti geðrannsókn eða yrði greindarprófuð. Fyrir dómi hefur hann viðurkennt að hafa haft samfarir við X umrætt þriðjudagskvöld, en neitar því að hafa gert það um nóttina, eins og ákært er fyrir. Hann mótmælir því, að X sé þroskaheft. Hefur hann sagt, að frá því að hann hafi farið að vera með henni í febrúar í fyrra, hafi hann margsinnis haft samfarir við hana og á ýmsum stöðum. Löngu eftir að mál þetta kom upp, hafi móðir hennar komið að finna sig á Vitastíg, þar sem hann bjó þá, og sagt, að X væri þroskaheft. Ákærði kveðst hafa búið í sama húsi og X um sex mánaða skeið á síðasta ári. Í það skipti, sem málið fjallar um, segist ákærði hafa verið við drykkju með S í . . . 30. september sl. Hafi hann þá hringt í X og hún verið óðfús að koma og dvalist hjá þeim. Kannast ákærði við að hafa haft samfarir við hana einu sinni þetta þriðjudagskvöld, en ekki hafi hann haft samfarir við hana um nóttina. Ákærði segir, að þarna hafi verið áfengi á boðstólum og X fengið að drekka af því, en tekur fram, að hann hafi ekki sérstaklega veitt henni af því.

X var yfirheyrð hjá lögreglu. Skýrði hún frá því, að ákærði hefði hringt í sig síðdegis á þriðjudeginum og beðið sig að koma til sín þangað. Hún hefði neytt áfengis þarna, og um kvöldið hefðu þau ákærði haft samfarir. Það hefðu þau einnig gert nokkrum sinnum um nóttina. Allt hafi þetta verið með samþykki sínu. Hún segir, að hún hafi viljað hringja í sambýlismann sinn bæði á þriðjudagskvöldið og daginn eftir, en ákærði og húsráðandinn hefðu ekki viljað, að hún gerði það. Fyrir dómi hefur hún skýrt frá því, að hún hafi kynnst ákærða, þegar hann bjó í sama húsi og hún. Þá hafi hún og sambýlismaður sinn orðið sammála um, að ákærði ætti heima hjá þeim. Hún kveðst vera hrifin af ákærða, en sambýlismaður sinn viti ekki um samband þeirra. Segist hún hafa komið í heimsókn í . . . , eftir að ákærði hringdi og bauð henni að koma. Þau hafi setið þarna á spjalli og drukkið áfengi. Segir hún, að sig hafi ekki langað til að hringja, enda hafi hún viljað vera þarna áfram. Þau ákærði hafi sofið hvort í sínum sófa í stofunni um nóttina, og hafi þau ekki haft samfarir, meðan hún dvaldist þarna á Hún segist hafa farið í neyðarmóttökuna að undirlagi foreldra sinna, og hafi þeir þvingað sig til að skrifa undir skýrsluna hjá lögreglu. Sé skýrslan röng og gefin undir áhrifum frá foreldrum sínum. Segist hún ekki vera þroskaheft og vilja fá að ráða sér sjálf.

V, faðir X, hefur skýrt frá því, að hann hafi komið með lögreglunni í . . . , en þá hafði hennar verið leitað í tvo sólarhringa. Hafi sambýlismaður hennar saknað hennar og haft samband við foreldrana. Segir hann, að ákærði og annar maður hafi verið þarna auk X og annarrar konu. Hafi allt fólkið ver-

ið undir áhrifum áfengis eða einhvers annars. Hafi þeim komumönnum ekki verið tekið illa og X verið fús að koma með þeim, þegar hann hafi beðið hana. X hafi einnig samþykkt að fara á neyðarmóttökuna. Hann kveður X yfirleitt vera hlýðna, auðsveipa þeim foreldrunum, en aftur á móti ekki endilega hlýðna öðrum. Hann kveður hana hafa sagt, að hún hefði ekki fengið að hringja til þess að láta vita af sér. X hafi ekki sagt sér, að hún hefði haft samfarir við ákærða þarna í . . ., heldur muni hún hafa sagt það manni frá svæðisstjórn fatlaðra, sem hún hafi hitt á neyðarmóttökunni.

Móðir X, Y, hefur skýrt frá því, að X hafi komið í heimsókn til sín daginn eftir að hún kom frá . . ., og þá sagt, að ákærði hefði haft samfarir við sig í . . ., en ekki sagt hversu oft. Hefði hún sagt, að sér hefði verið bannað að hringja og fara út. Y kveðst hafa sagt ákærða það sl. vor, að X væri þroskaheft, en hann svarað því til, að hann væri sjálfur þroskaheftur. Segist hún hafa verið búin að segja ákærða þetta áður og hann þá verið fullur hluttekningar. Hún segir þau foreldrana hafa farið heim til X og sambýlismanns hennar, þegar hún hafði komist að því, að ákærði hafði sest að hjá þeim, og hafi þetta verið undir vor í fyrra. Hafi það verið, eftir að X hringdi og verið annarleg í málrómnunum. Hafi þau fundið ákærða í felum bak við sófa og rekið hann út. Áður hefði ákærði búið í annarri íbúð í þessu sama fjölbýlishúsi, og segist vitnið vita til þess, að X hafi amast við því, að hann og fólk á hans vegum byggi þarna, enda ónæði af því. Síðan hefði þetta fólk komið sér í mjúkinn hjá X. Y segir X hafa breyst mikið eftir þennan atburð. Bæði hafi mjög dregið úr samskiptum þeirra mæðgnanna og viðhorf hennar nú bendi til þess, að hún sé undir áhrifum annarra.

S, sem var húsráðandi í . . . á þeim tíma, er hér skiptir máli, hefur skýrt frá því, að hann hafi fyrst hitt X, þegar hún kom í heimsókn þangað umrætt sinn. Hafi þeir ákærði verið að fá sér í glas, þegar hún kom, og muni hún hafa dvalist þarna 30. september og 1. október sl. Hann segist ekki vita til þess, að X og ákærði hafi haft samfarir, á meðan þau dvöldust þar. Hann hafi minnst á það nokkrum sinnum við X og ákærða, hvort þau færu ekki að fara, en þau ekkert gefið út á það. Hann segist hafa gert sér grein fyrir því, að X væri ekki eins og fólk er flest, og verið búinn að heyra hjá ákærða, áður en hún kom í heimsóknina, að hún væri eitthvað á eftir öðru fólki eða væri öryrki. Hann kveðst ekki hafa orðið þess var, að hún væri að hella í sig áfengi. Ekki segir hann X hafa verið meinað að hringja og kveðst reyndar telja, að hún hafi notað símann. Hafi hann einmitt spurt hana, hvort hún þyrfti ekki að hringja.

Niðurstaða.

Ákærði hefur neitað að hafa haft samfarir við X aðfaranótt 1. október. Gegn þessari neitun hans þykja ekki vera komnar fram sönnur um þetta, og ber að sýkna hann af ákæru að þessu leyti. Hann hefur hins vegar viðurkennt að hafa haft samræði við hana þriðjudagskvöldið 30. september. Þykir breyttur framburður X um þetta sakarefni og undirtektir ákærða við hann ekki geta haggð því, sem þau hafa áður sagt um þetta, og er sannað, að ákærði hafði samræði við hana þriðjudagskvöldið 30. september sl.

Fyrir liggur, að X er áberandi greindarskert. Að mati dr. Tryggva Sigurðssonar sálfræðings getur það ekki farið fram hjá neinum, að svo er ástatt. Það er einnig skoðun dómarans, sem hefur séð X og hlýtt á skýrslu hennar. Dómarinn hafnar algerlega þeirri viðbáru ákærða, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þessum vanka hennar, og telur, að hann hljóti að hafa gert það strax við fyrstu kynni þeirra.

Sálfræðingurinn hefur sagt það vera eitt einkenni þroskahömlunar X, að hún sé leiðitöm. Þykir framkoma hennar undir rannsókn og meðferð málsins styðja þetta svo og sakamálin tvö, sem reifuð voru hér að ofan. Er því hér fulllyrt, að ákærði, sem mánuðum saman hafði verið í nánum kynnum við konuna, hafi fundið fyrir ístöðuleysi hennar og notfært sér það til þess að koma fram samræðinu. Hefur hann orðið sekur um það athæfi, sem lýst er í ákæru og réttilega er þar fært til refsíákvæðis.

Refsing og sakarkostnaður.

Ákærði á að baki langan sakaferil. Hann var dæmdur fyrir nauðgun árið 1964, og síðan hefur hann hlotið tíu aðra refsidóma, ýmist fyrir auðgunarbrot eða skjalafals, síðast í nóvember 1993. Þá hefur hann margsinnis verið sektaður, ýmist fyrir áfengis- eða umferðarlagabrot. Hafa ber hliðsjón af sakaferli ákærða og öllum málsatvikum svo og framkomu hans undir málsmeðferðinni, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga, sem verið hefur iðrunarlaus og ósvífin. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 45.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Sverrir Einarsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 45.000 krónur.